

Nefndasvið Alþingis  
B.t. atvinnuveganefndar

Reykjavík, 17. apríl 2023

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða (svæðaskipting strandveiða).**

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (hér eftir samtökin) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, sbr. 861. mál á 153. lögjafarþingi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að taka aftur upp svæðaskiptingu við strandveiðar. Ennfremur gerir frumvarpið ráð fyrir flutningsheimildum milli tímabila og landsvæða innan fiskveiðiárs, auk þess sem heimilt verður að flytja óveiddar aflaheimildir á milli fiskveiðiára.

Samtökin benda á að þegar svæðaskipting strandveiða var afnumin, fyrst til bráðabirgða árið 2018 og síðar alfarið árið 2019, lýstu samtökin andstöðu við þær breytingar. Sú andstaða byggði meðal annars á þeim sjónarmiðum sem liggja nú til grundvallar þeim breytingum sem lagðar eru til í því frumvarpiu sem hér er til umsagnar. Samtökin styðja því þá breytingu að tekin sé að nýju upp svæðaskipting við strandveiðar.

Hafa skal þó þann fyrirvara á að samtökin hafa ítrekað lýst þeirri afstöðu að hætta eigi strandveiðum og fella aflamark, sem tekið hefur verið af öðrum og ráðstafað til þessara veiða, undir aflahlutdeildarkerfið. Stækkun aflapotts til strandveiða hefur verið árviss viðburður á undanförunum árum og hafa flutningsmenn slíkra tillagna stutt mál sitt þeim rökum, að það sé í þjóðarhag að allur heimilaður þorskaflí til strandveiða náist. Við þetta má gera þá athugasemd að hagkvæmara væri, og hagstæðara út frá sjónarmiðum byggðarfestu, að nýta aflaheimildir þessar í atvinnuveiðum sem stundaðar eru á ársgrundvelli.

Í því ljósi lýsa samtökin sig mótfallin þeirri tilhögun að heimilt verði að flytja óveiddar aflaheimildir í strandveiðum á milli fiskveiðiára. Samtökin leggja því til að 2. og 3. ml. b. liðar 1. gr. frumvarpsins falli brott. Þess í stað færi betur á því að ónýttar aflaheimildir ætlaðar til strandveiða við lok hvers strandveiði-tímabils falli í hlut aflahlutdeildarhafa við upphaf hvers fiskveiðiárs.

F.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi



---

Jón Kristinn Sverrisson  
Lögfræðingur